

## REGLUR um úthlutun úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála.

### 1. gr.

#### *Tilgangur.*

Í samræmi við verkefni 2 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023 skal starfrækja sérstakan sjóð, Framkvæmdasjóð jafnréttismála, tímabundið til fjögurra ára. Honum er ætlað að stuðla að eftirfylgni við verkefni úr þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum pannig að nýta megi niðurstöður, reynslu og þekkingu sem fæst með umræddum verkefnum.

### 2. gr.

#### *Fjármunir og úthlutanir.*

Sjóðnum eru lagðar til árlega 10 milljónir kr. af fjárlögum áranna 2020–2023. Forsætisráðuneytið úthlutar fé úr sjóðnum til annarra ráðuneyta. Skal úthlutað úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári.

Styrkur skv. 1. mgr. getur aldrei numið hærri fjárhæð en um 80% kostnaðaráætlunar á hverju úthlutanarári vegna viðkomandi verkefnis og að jafnaði ekki hærri fjárhæð en 2 milljónir kr. til hvers verkefnis nema um umfangsmikil samstarfsverkefni milli ráðuneyta sé að ræða.

### 3. gr.

#### *Skilyrði.*

Verkefni sem fá úthlutað styrk þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Vera á ábyrgð ráðuneytis enda þótt öðrum hafi verið falin framkvæmd þeirra.
2. Fela í sér nýtingu á niðurstöðum, reynslu og þekkingu eða innleiðingu á tillögum sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

### 4. gr.

#### *Upplýsingar um styrki.*

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal forsætisráðuneytið senda öllum ráðuneytum bréf þar sem minnt er á að unnt sé að sækja um styrki úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála og tilgreint hver umsóknarfrestur er.

### 5. gr.

#### *Umsókn um styrki.*

Ráðuneyti skal sækja um styrki til forsætisráðuneytisins fyrir 15. mars ár hvert. Í umsókn skal koma fram nánari lýsing á verkefni sem og rökstuðningur fyrir því að veita skuli verkefninu styrk.

### 6. gr.

#### *Skyldur ráðuneyta.*

Ráðuneyti sem hefur fengið styrk úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála skal gera grein fyrir framvindu verkefnisins og ráðstöfun fjárins óski forsætisráðuneytið sérstaklega eftir því.

### 7. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglur þessar gilda fyrir úthlutun úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála árin 2020–2023.

*Forsætisráðuneytinu, 28. janúar 2020.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Bryndís Hlöðversdóttir.*